


Náttúrur leikskólinn Krakkakot
2024 – 2025



Öryggi, Gleði, Virðing, Jákvæðni.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
Náttúruleikskólinn Krakkakot leggur áherslu á að gera góðan leikskóla betri með;	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024	4
3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025.....	6
4 Umbótaáætlun yngstu deilda (Bjarma-, Drauma- og Undraland)	7
5 Umbótaáætlun mið deilda (Óska- og Álfaland).....	8
6 Umbótaáætlun elstu deildar (Heimaland).....	10
7 Innra mat sérkennslu.....	12
6 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn	14
7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	15
8 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	15
9 Foreldrasamvinna.....	15
10 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	15
11 Fylgiskjöl	16

Leiðarljós leikskólans

Náttúruleikskólinn Krakkakot leggur áherslu á að gera góðan leikskóla betri með;

- Metnaðarfullu starfi og áhugasömu starfsfólki sem hefur þarfir barnanna að leiðarljósi
- Með framkomu sem einkennist af hlýju og virðingu
- Að börnin öðlist reynslu í gegnum leik sem örvar alhliða þroska þeirra í heimilislegu, hlýlegu og lærdómsríku umhverfi
- Að efla siðgæðisviðhorf barna til allra lífandi vera, manna, dýra og plantna
- Að kenna börnunum að umgangast dýrin og náttúruna með virðingu og væntumþykju
- Að viðhafa lýðræðisleg vinnubrögð í starfinu með börnunum, þar sem raddir allra fá að heyrast og börnin upplifi að þau hafi áhrif

1 Greinargerð leikskólastjóra

Nú er fyrsta ári mínu sem skólastjóra á Náttúruleikskólanum Krakkakoti lokið og er ég er glöð og þakklát eftir gott ár. Það er alltaf smá breytingar þegar nýr skólastjóri tekur við og hefur okkur gengið vel sem samhentur hópur að feta þann veg.

Það er að mörgu að hyggja þegar kemur að stóru heimili og þá er nauðsynlegt að allir ganga í takt og hafa sama markmið og er vellíðan barna aðal markmið okkar og þá um leið vellíðan starfsfólk því þetta tvennt tvinnast saman. Að hafa áhrif á umhverfið sitt skiptir miklu máli og höfum við verið að rýna í starfið með þau gleraugu. Erum við of kennarastýrð eða erum við að gefa börnum og starfsfólki tækifæri til að vaxa og dafna á sínum forsendum og hafa áhrif á umhverfið sitt. Niðurstöður okkar voru þær að þarna megum við gera betur og ætlum við að hafa lýðræði sem rauðan þráð í gegnum starfið á komandi skólaári.

Krakkakot hefur verið að þróa vinnu/verkferla í sérkennslu og langaði okkur að flétta kafla farsældar úr menntastefnu Garðabæjar inn í starf leikskólans og þá sérstaklega sérkennsluna. Snemmbær stuðningur er sá þáttur sem við höfum lagt aðaláherslu á og tel ég okkur á góðum stað og komin með góða beinagrind að þeirri vinnu og munum við halda áfram þeirri vinnu næsta vetur.

Á Krakkakoti er frjálsi leikurinn hornsteinn leikskólastarfsins, er hann mikilvægur þáttur í námi og þroska barna. Á hverju ári metum við hvort hann sé að fá nægt rými inn í dagskipulaginu hjá okkur og að börnin séu að fá þann stuðning í leiknum sem þau þurfa. Á hverju ári metum við hvernig okkur gengur og oftast sjáum við einhverja möguleika á úrbótum og göngum þá í það næsta vetur

Við vinnum með markviss málörvun í öllu starfi yfir daginn á leikskólanum og er gott að fara yfir það reglulega hvernig við gerum það því þá verður fólk betur meðvitað um það hvernig við gerum það. Við vinnum með Lubbi og Blæ í sérstökum hópastundum og gekk það vel í vetur og munum við halda áfram á svipuðum nótum í vetur. Við sáum í matinu í vor að við erum ekki að vinna eins mikið/vel með hugarfrelsi á eldri deildum eins og við vildum. Einnig erum við að fara fá markvissa jóga/dans námskeið í vetur sem við ákváðum að gera frekar en dans kennslu eins og mörg síðustu ár.

Bætt starfsumhverfi í Garðabæ var keyrt í gang í febrúar og var búið að vera mikill undirbúningur mánuðina á undan. Það voru kynntar þrjár útfærslur fyrir starfsmenn og síðan var kosið hvaða útfærslu á styttingu starfsmenn vildu. Það var nokkuð afgerandi hjá okkur að fólk vildi fulla vinnustyttingu með því að selja kaffitíma og taka 2 klukkutíma á viku og safna tveimur klukkutímum á viku. Það var þínu stress til að byrja með en í dag er mikil ánægja með þetta og finnst okkur þetta vera betra fyrir allt starf þar sem það eru fleiri starfsmenn inn á deild á álagstímum þar sem neysluléd er stutt. Einnig finnum við fyrir því að börn eru með styttri viðveru í leikskólanum. Okkur hlakkar til að fara öruggari inn í næsta vetur hvað varðar styttinguna og skráningardaga þar sem foreldrar skrá börnin inn í skólann í jóla og vetrarfrí. Við teljum þessar breytingar virkilega góðar og finnst okkur þetta verkefni frá Garðabæ virka mjög vel.

Það er búið að vera mikið af framkvæmdum á Krakkakoti í vetur. Það var tekið til í öllum skápum og háalofti og voru margar ferðir farna í sorpu og nytjagáma, einnig auglýstum við allar innréttingar í matsal skólans gefins og voru settar upp nýjar í staðin. Í haust höldum við áfram með ganginn og endurnýjum allar bókahillur og kommóður. Í vor færðum við eina deild yfir í frístundarhúsið þar sem Álfaland var öll tekin í gegn og þakka ég börnum, starfsfólki og foreldrum fyrir jákvæðni og skilning í þessum aðstæðum. Það var skipt um alla glugga, hurðar og klæðningu á þremur deildum leikskólans ásamt því að sólstofan var öll tekin í gegn, þakið lagað, nýir gluggar og klæðning úti ásamt því að hann var allur klæddur upp á nýtt að innan.

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Skólanámskrá	Aðstoðarskólastjóri fór yfir námskrá og gerði athugasemdir	Aðstoðarskólastjóri og leikskólastjóri	Það er margt gott í námskránni eins og við vinnum í dag en þarf að gera nokkrar breytingar. Fáum deildarstjóra í rýnihópa til að fara betur í þá vinnu með skólastjórnendum
Samverustundir	Var gerð vikuskráning á vorönn.	Allir starfsmenn deildanna tóku þátt en deildarstjórar báru ábyrgð að skráning væri gerð.	Flest starfsfólk að taka samverustundir og ná að undirbúa sig eða notast við efni sem þau þekkja. Þurfum að auka lýðræði barnanna í þessum stundum, gefa þeim tækifæri til að hafa áhrif á hvað er gert í stundunum, jafnvel að hafa um tvennskonar samverustundir úr að velja
Innra starfið, helstu þættir starfsins	Rýnihópar, hver deild kom saman og svaraði spurningarlista	Allir starfsmenn deildanna	Við erum að gera marga góða hluti en sumt þarf að laga og þá er að skoða hvað þarf að breyta.

Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Starfsmanna-könnun	Skólapúlsinn sendi rafræna könnun	Allir starfsmenn sem sinntu starfi með börnum fengu könnun og 80% svöruðu könnuninni.	Við erum samheldin hópur sem finnst gott að vinna og skemmta sér saman. Starfsfólk finnst gott að leita til yfirmanna. Vantaði meiri undirbúning fyrir deildar þar sem við vorum með fá fagmenntaða kennara. Með auknum undirbúningstíma frá Garðabæ lagast þetta. Þurfum að bæta kennslu/fræðslu fyrir starfsfólk til að takast á við erfiða hegðun og aðrar áskoranir sem verða í starfi. Fáum fyrirlestra á næsta skólaári

3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

UMBÓTA-ÞÁTTUR/ MATS-ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Skóla-námsskrá	Að náms-skráin rými við starfið	Fara yfir nokkra þætti í einu	Stjórn-endur	Okt 2024	Maí 2026	Rýnihópar með deildarstjórum	Þegar námsskráin lýsir því starfi sem fer fram á Krakkakoti
Uppeldis- og menntast arf							
Samvera	Að öllum börnum langi í samveru og fá að hafa áhrif á samveruna og hafi gaman að	Starfsfólk fái undirbúning til að geta haft fjölbreytta samveru og vera tilbúin með plan B ef annað bregst.	Deildarstjórar og starfsfólk	Sept 2024	Maí 2025	Skráningar á hvernig gekk í samveru hjá starfsmanni og voru börnin að sýna áhuga og taka þátt	Starfsfólk er öruggt í samveru. Börnin koma glöð í samveru og líður vel með það sem er gert og það er auðvelt að breyta út frá því sem var byrjað með ef þess þarf
Lýðræði	Börnin hafa áhrif á fleiri þætti yfir daginn	Byrjum smátt með því að koma lýðræði inn í samverustundirnar	Skólastjórn-endur og deildarstjórar	Sept 2024	Maí 2025	Skráningar 2x yfir árið viku í senn.	Fá allir undirbúning sem taka samveru? Að öllum börnum líði vel í samverustundum og fá börnin að hafa áhrif á stundirnar
Mannauður/ Leikskóla bragur							
Undirbúningur	Öllum deildum tryggðir 10 klukkutímar í undir-	Koma undirbúning fyrir allt starfsfólk inn í skipulagið	Skólastjóri og deildarstjórar	Sept 2024	Maí 2025	Starfsfólk skrái niður hvenær það fer í undirbúning og hvað er gert	Að allt starfsfólk fái einhvern undirbúning yfir veturinn og það birtist í öruggeri

	búning að lágmarki						starfsfólki og faglegri vinnu inn á deild
Gerð umbótaáætluna	Deildarstjórar geri umbótaáætlun deildanna	Deildarstjórar fá fræðslu um gerð áætlunar	Skóla- stjóri og deildar- stjórar	Sept 2024	Maí 2025	Hafa fundi með deildarstjórum/ rýnihópa	Allir deildarstjórar geri umbótaáætlun eftir veturinn
Innra mat							
Fastir liðir skóla- starfsins/ innra starfið	Viðhalda föstum liðum	Meta í lok veturs, fara yfir hvern þátt og ígrunda	Skóla- stjóri og deildar- stjóra	Sept 2024	Maí 2025	Rýnihópar/ deildarstarfsfólk	Í lok veturs er metið hvort við höfum verið að sinna þessum þáttum eins og við segjumst gera

4 Umbótaáætlun yngstu deilda (Bjarma-, Drauma- og Undraland)

UMBÓTA- ÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Uppeldi til ábyrgðar	Öll börn séu þátttakendur í sáttmála- gerð og vinna með þarfirnar	Öll börn settu handafar sitt við sáttmálann og hægt að ræða við eldri börnin um nokkrar reglur og jafnvel taka mynd af t.d. góðum vinum. Ýta meira á foreldra til að skila hjartanu með myndunum. Styrkja okkur í að koma á mótis við þarfir barnanna	Deilda- stjórar og allir starfs- menn deilda	Sept 2024	Maí 2025	Halda skráningu og taka myndir.	Skrá á meðan sáttmáli er gerður, gá hversu margir skiluðu ekki hjarta og meta hvernig gengur 2x yfir árið.
Frjálsi leikurinn	Á einni deild þarf að gefa börnunum meiri frelsi í	Kennarar séu meðvitaðir um að leifa börnunum að velja leikföng/efnivið	Deildar- stjóri og annað starfs- fólk	Sept 2024	Maí 2025	Kennarar geri skráningu 2-3 yfir veturinn	Að í 80% tilvika fá börnin að velja séu

	vali leikefnis						leikföng /leikefni
Lubba- stundir	Hafa markvissar Lubba- stundir	Hafa starfsmann sem sér um að skipuleggja stundirnar, Skrá markvisst yfir veturinn, meta eru stundirnar markvissar og hvað þarf að gera til að laga	Deildar- stjórar	Sept 2024	Maí 2025	Hafa rýnihópa 4x yfir veturinn	Í lok vetrar meta hvernig gekk
Námssögur	Að fleira deildar- starfsfólk geri námssögur	Hægt að gera áætlun í byrjun árs hver tekur hvaða börn	Deildar- stjóri og annað starfs- fólk	Sept 2024	Maí 2025	Skráning og rýnihópar	Allir starfs- menn geri allavega 1 náms- sögu
Listakrókur	Að listakrókur sé opin flesta daga vikunnar	Festa inn í skipulag hver sér um listakrök og þeir undirbúa hvað á að gera	Deildar- stjóri	Sept 2024	Maí 2025	Skráning 2-4 sinnum yfir veturinn 1 vika í senn	Að lista krókur sé með skipu- lagt starf 2x í viku
Lýðræði / skólabragur	Að auka lýðræði og börnin fái að hafa meiri val/áhrif í daglegu starfi	Að leyfa þeim að velja um 2-3 sögur í samveru, að velja lög, hvað þau fá á matardiskinn.	Deildar- stjóri og annað starfs- fólk	Sept 2024	Maí 2025	Rýnihópar og skráningar	Að í 80% tilvika fá börnin að hafa valið

5 Umbótaáætlun mið deilda (Óska- og Álfaland)

UMBÓTA- ÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/að- ferðir?	Viðmið um árangur
Uppeldi til ábyrgðar	Hafa reglurnar sjónrænt, vinna meira með þarfirnar.	Taka myndir af t.d. hjálpast að, góðir vinir o.fl. Setja inn í skipulag hvenær á að vinna með aðrar þarfir en hjartað t.d.áhrif, gleði	Deilda- stjórar og allir starfs- menn deilda	Sept 2024	Maí 2025	Skráning og rýnihópar Skrá á meðan sáttmáli er gerður, meta 2x ári	Öll börn tóku þátt og það var unnið með 1 þörf fyrir utan hjartað

						hvernig gengur	
Frjálsi leikurinn	Fjöl-breyttur efniviður og að starfsfólk sé til staðar og grípi inn í og eru með plan B ef það vantar starfsfólk	Vera dugleg að skipta út efnivið og hafa hann sýnilegan. Starfsfólk sé á stöðvum og ef það er mannekla þá vera með plan B	Deildarstjóri	Sept 2024	Maí 2025	Skráning og rýnihópar	Kemur sjaldan upp álagstími vegna manneklu þar sem fólk er tilbúið með plan B og er öruggt með það
Vináttu-verkefnið Blær	Að 1 starfsmaður fá það hlutverk að halda utanum Vináttu-verkefnið	Í byrjun vetrar er starfsmaður settur yfir verkefnið og fær hann undirbúning til að sjá um það	Deildarstjór	Sept 2024	Maí 2025	Rýnihópar	Það var unnið með vináttu-verkefnið í flestum vikum vetrarins
Lubba-stundir	Byrja strax í sept með markvissa vinnu og halda út veturinn	Hafa starfsmann sem sér um skipulagið og passar upp á að farið sé í stundirnar	Deildarstjórar	Sept 2024	Maí 2025	Hafa rýnihópa 4x yfir veturinn	Sést í skráningu að unnið var með Lubba allan veturinn
Hugarró	Að hugarró skipi stærri sess í skólastarfinu	Hafa markvisst eftir t.d. hádegismat eða kaffitíma eldflaugin og blómið, seinna að bæta við lengri stund	Deildarstjórar og starfsmenn deildarinnar	Sept 2024	Maí 2025	Rýnihópar 4x yfir veturinn Skráning 2x viku í senn yfir veturinn	Í lok vetrar er verið að nýta sér hugarró eftir matar-eða kaffitíma 3-4x í viku
Námssögur	Að fleira deildarstarfsfólk geri námssögur	Nýta deildarfundi í að ígrunda og hjálpast að til að allir fái öryggi	Deildarstjóri og annað starfsfólk	Sept 2024	Maí 2025	Rýnihópar	Allir starfsmenn geri allavega 1 náms sögu
Listakrókur	Hafa meira val um efnivið,	Festa í skipulag hver sér um listakrök og þeir	Deildarstjóri og starfs-	Sept 2024	Maí 2025	Skráning 2-4 sinnum	Að lista krókur sé með

	hafa starfsmann sem sér um hann	fá undirbúning. Hægt að skráningu á þessu helsta, jól, páskar, konu/bónda dagur o.fl.	menn deildanna			yfir veturinn 1 vika í senn Rýnihópar	skipulagt starf 3x í viku og fjölbreyttan efnivið sem börnin hafa haft val um
Lýðræði / skólabragur	Að gefa börnunum val þar sem því er komið við í starfinu og skoða hvar við getum gert betur	Leyfa eldri börnum að skammta sjálf á diskana á Álfalandi, Óskaland gefi meira val í/með samverustundir sjá hjá Álfalandi	Deildarstjórar Starfsmenn deildanna	Sept 2024	Maí 2025	Rýnihópar 4x yfir veturinn skráning 2x um veturinn 1 vika í senn	Eldri börn skammta sér sjálf og fjölbreyttari samverustundir

6 Umbótaáætlun elstu deildar (Heimaland)

UMBÓTA-ÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Uppeldi til ábyrgðar	Koma á móts við þarfir barnanna, nýta meira orðalag stefnunnar	Reyna að sjá hvað það er sem barnið þarfnast. Nýta orðræðuna til að aðstoða börnin að finna út úr hlutunum og gefa val	Deildarstjórar og allir starfsmenn deilda	Sept 2024	Maí 2025	Rýnihópar	Starfsmenn grípi í val eða orðræðu í 70% tilvika við aðstoð barnsins
Frjálsi leikurinn	Styðja börn að komast í leikinn	Starfsmenn séu á stöðvum og geta gripið inn í	Deildarstjóri og allir starfsmenn deildar	Sept 2024	Maí 2025	Rýnihópar Skráninga r	Það er minna um árekstra í frjálsa leiknum en í fyrra
Vinátuverkefnið Blær	Vinna meira með Vinátuverkefnið	Festa strax í skipulag, 1 starfsmaður passar upp á stundirnar	Deildarstjóri og starfsmaður	Sept 2024	Maí 2025	Rýnihópar Skráning fyrir hvern fund	Í lok vetrar er hægt að sjá að það voru stundir flestar vikur

Listakrökur	Hafa markvissari vinnu í listakrök og sýnilegar umgengis-reglur fyrir börnin	Festa í skipulag hver sér um listakrök og þeir fá undirbúning. Hægt að gera reglur með börnunum og setja þær upp með myndum	Deildar-stjóri og starfs-menn deild-anna	Sept 2024	Maí 2025	Skráning 2-4 sinnum yfir veturinn 1 vika í senn	Reglurnar eru komnar upp á vegg sýnilegar og markvisst starf 2-3 x í viku
Lýðræði / skólabragur	Að gefa börnunum meira val með mat og í samveru	Leyfa börnum að skammta sjálf á diskana, Gefa meira val í/með samverustundir, sjá hjá Álfalandi	Starfs-menn deild-anna	Sept 2024	Maí 2025	Rýnihópar 4x yfir veturinn skráning 2x um veturinn 1 vika í senn	Eldri börn skammta sér sjálf og fjölbreytt-ari samveru-stundir

7 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2023-2024

<p>Skipulagning sérkennslu Hvernig var sérkennslan skipulögð; Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með? Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur? Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi? Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópstarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Í vetur höfum við á Krakkakoti starfað í sérkennsluteymi, við höfum verið með sérkennara sem hefur sinnt snemmtækri íhlutun og hefur verið hægri hönd sérkennslustjóra, við höfum verið með sérkennslufundi þar sem allir stuðningsaðilar, sérkennari og sérkennslustjóri mæta saman og ræða þau börn sem koma að sérkennslunni, rætt á milli hvað hefur gengið vel og hvað má gera betur, sérkennari og sérkennslustjóri unnu saman daglega og ræddu sín á milli. Sérkennari sá um málörvunarhópa og tók einstaka börn í einstaklingsþjálfun daglega. Sérkennslustjóri gerði einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem koma að sérkennslunni, það er stuðst við tvö form af áætlunum, önnur styttri en hin ýtarlegri sem er þá unnin eftir AEPS færnilistanum og var þörfin metin hverju sinni um hversu ýtarlega áætlun þurfti. Tímarammi áætlana er jan-maí síðan sept-des (þörfin metin hverju sinni). Ávallt reynt að nota stuðningstímana inni á deild, en stundum er staðan metin þannig að barn fær að fara úr aðstæðum inn í þjálfunarherbergi, annaðhvort í þjálfun eða fá að losna undan áreitinu á deildinni. Þjálfun barna fór fram einu sinni á dag, ýmist inni á deild eða inni í þjálfunarherbergi, á vor mánuðum fækkaði þeim tímum, á sumrin hefur sérkennslustjóri lagt til að sú vinna fari í frí en á móti er frekar verið að lesa bækur og meiri útivera. Við leggjum mikla áherslu á skráningu eftir hverja þjálfun, hvað var gert og hvernig gekk. Okkar markmið er að gera barnið eins sjálfstætt og hægt er og að stuðningsaðili bakki frekar og sé til staðar til að grípa inn í og aðstoða ef eitthvað kemur upp á. Við teljum það mjög mikilvægt að barnið sé hluti af barnahópnum og að allir eigi að geta komið að barninu. Sérkennslustjóri bar ábyrgð á orðabókum, notaður var skráningarlisti yfir þau börn sem voru með orðabók sem innihélt tengiliði, barn, skráning orða, o.fl. Sérkennslustjóri fór reglulega inn á allar deildar og fylgdist með börnunum í leik og starfi og ræddi við deildarstjóra. Við höfum reynt að halda teymisfundi einu sinni á önn fyrir hvert barn sem hefur stuðningsmanneskju með sér.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>Deildarstjórar fylltu út TRAS þar sem sérkennslustjóri er ekki með þau réttindi, AEPS,</p>

	HLJÓM-2, AHA- skráning, orðabóka skráning, skráning yfir þau börn sem þurfa talþjálfun.
Hvaða námsefni var notað? Vorur t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Hjá okkur erum við bæði með aðkeypt námsögn og námsögn sem við höfum búið til sjálf. Við notum ýmis öpp í iPad, aðalega Orðagull.

Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

UMBÓTA- ÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/að- ferðir?	Viðmið um árangur
Sérkennslu- teymið	Auka fundi með sérkennslu-teymi	Ákveða fundi fram í tímann	Sérkennslu- stjóri	Sept 2024	Júní 2025	skráningar og endurmat	Héldust fundirnir á áætlun? Ef ekki skoða þá ástæðu þess
Teymisfundir	Fjölga teymisfundum með foreldrum	Festa fundi fram í tímann	Sérkennslu- stjóri	Sept 2024	Júní 2025	Skráningar og endurmat	Héldust fundirnir á áætlun? Ef ekki skoða þá ástæðu þess
Gefðu 10	Taka aftur upp „Gefðu 10“ með einstaka börnum eftir þörfum	Efla málþroska barna, auka og dýpka orðaforða. Nota teygjur til áminningar fyrir starfsfólk.	Sérkennslu- stjóri og starfsfólk deilda	Sept 2024	Júní 2025	Rýnihópar Skráningar 2x yfir veturinn viku í senn	Að 75% starfsmanna nýttu sér „Gefðu 10“ yfir veturinn

6 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn 2023-2024

<p>Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?</p>	<p>Sérkennari sem vinnur með snemmtæka íhlutun kom að tvítyngdum börnum inni á eldri deildunum og fór með þeim yfir orðabókina sína og tók þau í málörvun ýmist inni á deild eða í þjálfunarherbergi, inni á yngstu deildunum var ábyrgðin sett á deildarstjóra að sinna málörvun, öll börn sem eru með orðabók hjá okkur hafa sinn tengilið sem ber ábyrgð á bókinni. Sérkennslustjóri ræðir reglulega við ábyrgðamenn og fær að heyra hvernig gengur og fer yfir skráningar.</p>
<p>Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?</p>	<p>Við reynum að vera meðvituð um að leggja orð á allar athafnir og ræðum mikilvægi þess. Þegar við erum að lesa fyrir krakkana þá stoppum við og ræðum ýmis orð hverju sinni. Í skipulögðum stundum þegar vinna á með orðaforða þá notum við yfirflokka eins og matur, fatnaður, dýr, húsgögn, hljóðfæri o.s.frv og höldum þannig utan um orðaforðann ásamt orðabókalistanum.</p>
<p>Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?</p>	<p>Sjá svar fyrir ofan</p>
<p>Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfnirammur í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i>, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?</p>	<p>Við höfum ekki gert einstaklingsáætlanir fyrir tvítyngd börn en sérkennari hefur verið að kynna sér hæfnirammann og er þetta eitthvað sem gott væri að taka upp á næsta skólaári. Við sjáum fyrir okkur að hefja skráningar varðandi framfarir fjöltyngdra barna.</p>
<p>Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i>, varðandi málþroska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.</p>	<p>Já eins og hjá öllum börnum á leikskólanum</p>

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2024-2025

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
-----------------------------	---------------------------	---------------------------	--------	-------	-------	----------------------------	-------------------------

Skráningar fjöltyngra barna: Efla mál og málskilning. Gefðu 10, orðabók, einstaklingsþjálfun og málörvunarhópar eftir hvað á við hverju sinni. Sérkennslustjóri og deildarstjóri bera ábyrgð. 1.september – 1.júní 2025. Metið með skráningum. Viðmið um árangur: að börn sýni framfarir og að þær séu sýnilegar þegar farið er yfir skráningar.

7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Það var eitt starfsþróunarsamtal á þessum vetri og var það í mars. Allir starfsmenn fengu blað með spurningum og vangaveltum sem þeir gátu farið yfir fyrir samtalið og skilað því svo inn. Flestir lásu það yfir en fáir komu með það útfyllt. Verður svipað fyrirkomulag næsta vetur. Það voru 8 starfsmenn í námi og næsta vetur verða 5 starfsmenn í námi. Í boði eru Kraganámskeið og hefur fólk tækifæri til að sækja sér þau.

8 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Krakkakot er í samstarfi við Álftanesskóla ásamt Holtakoti, það eru þrjú fundir yfir skólaárið. Við hittumst að hausti í Álftanesskóla til að setja niður skipulag fram að áramótum síðan hittumst við aftur í janúar í Krakkakoti til að ræða skipulag vorsins og svo í maí hittumst við í Holtakoti og förum yfir árið. Síðasti vetur gekk mjög vel og voru allir ánægðir, börnin fóru í nokkrar heimsóknir t.d. í textstíl, smíði, til fyrsta bekk, í matsalinn og í 4. bekk. Skipulagið verður svipað þennan veturinn. Í vor fór síðan elstu tveir árgangarnir hjá okkur í frístundarhúsnæðið og átti það að vera sirka 2-3 vikur en varð að rúmum 5 vikum þar sem verið var að gera upp deild á Krakkakoti.

9 Foreldrasamvinna

Krakkakot leggur mikið upp úr góðri samvinnu með foreldrum og að gagnkvæmt traust skapist milli heimilis og skóla. Það eru foreldraviðtöl í mars en foreldrar eru alltaf velkomnir að heyra í leikskólastjóra, sérkennslustjóra eða deildarstjórum. Á Krakkakoti er þátttökuaðlögun þannig foreldrar eru með börnunum fyrstu þrjú dagana í aðlögun og kynnst starfsfólki, öðrum börnum og foreldrum. Að hausti eru kynningafundir fyrir foreldra þar sem skólinn er kynntur og deildarstjórar fara yfir námsskrá deildanna. Það er foreldrafélag og foreldraráð í leikskólanum og eru þetta mikilvægir þættir í leikskólastarfinu, það er kosið í bæði foreldrafélagið og ráðið á aðalfundi að hausti.

10 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar eru fimm og er hálfur af þeim tileinkaður menntadeginum í Garðabæ þar sem allir kennarar koma saman og fræðast með og af hver öðrum. Á fyrsta fundi vetrar erum við að hrista

hópin saman og fara yfir helstu áherslur leikskólans og deildanna fyrir veturinn. Við nýtum skipulagsdaga til að skerpa á því helsta í starfinu og það gerum við með hvert öðru og líka með því að fá utanaðkomandi einstaklinga með fræðslu t.d. Skyndihjálpi, Hegðun barna, grín fyrirlestra fyrir starfsmanna hópin og margt fleira. Einnig er farið í Uppeldi til ábyrgðar á hverjum vetri til að eldra starfsfólk viðhaldi og bæti við þekkingu og nýtt starfsfólk fræðist um stefnuna og hvernig við vinnum með hana.

11 Fylgiskjöl

11.1 Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Krakkakot

Ragnhildur Gunnlaugsdóttir
Leikskólastjóri

30.08.2024
Dagsetning

Fylgiskjal

**Starfsáætlun 2024 – 2025
Leikskólinn Krakkakot**

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

**Sandra Hrönn Traustadóttir
Arnar Sigurjónsson
Edda Gísladóttir**